

## Minnisblað byggingarfulltrúa. Staðan í dag

**Málsaðili** : Reykjagarður hf.  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 14.07.2017  
**Númer** : 1707007  
**Flokkur** : 09.32 Lóðir

**Efni** : Lóðir nr. 40, 47 og 48 við Dynskála hafa ekki verið stofnaðar í Fasteignaskrá. Verið er að vinna að sameiningu landnúmera á svæðinu og þegar því lýkur verða lóðirnar stofnaðar.

Lóð nr. 45 við Dynskála er með gildandi lóðarleigusamning við Olúdreifingu. Samningurinn rennur út 2023. Gera verður fyrirvara ef samþykkt verður að úthluta lóðinni til Reykjagarðs að loknum gildistíma nógildandi samnings.

Lóð nr. 48 liggur yfir núverandi veg austan við Reykjagarð. Færa þarf veginn eins og skipulag segir til um, ef áform fyrirtækisins verða að veruleika á komandi misserum. Áform um stækkun fyrirtækisins í þessa átt gætu útvegað fjármagn í formi gatnagerðargjalda til framkvæmdanna.